



Dalvíkurbyggð
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir sveitarstjóri
Ráðhúsi Dalvíkur
620 DALVÍK

Kópavogi, 13. október 2023.

Ágóðahlutagreiðsla 2023

Á aðalfundi fulltrúaráðs EBÍ þann 6. október sl. var samþykkt að áfram skuli hluti hagnaðar af starfsemi félagsins greiddur til aðildarsveitarfélaganna í formi ágóðahlutar.

Á aðalfundinum var farið mjög ítarlega í fjárfestingastefnu félagsins og stefnumörkun varðandi ágóðahlutagreiðslu til aðildarsveitarfélaga EBÍ.

Þar var áréttað að ætíð eigi að taka mið af meginmarkmiðum fjárfestingastefnu EBÍ við ákvörðun endanlegrar greiðslu þar sem lágmarka skal líkur á að höfuðstóll eignasafnsins skerðist við útgreiðslu.

Undanfarin ár hefur verið miðað við þá vinnureglu að miða útgreiðslu ágóðahlutar við þriggja ára meðaltal breytinga á þróun eigin fjár félagsins en þó þannig að höfuðstóll félagsins sé ekki skertur. Skv. markmiði félagsins skal þó að lágmarki greiða út kr. 50 milljónir króna.

Í ljósi ofangreindra þátta ákvað stjórn EBÍ að ágóðahlutur ársins 2023 verði lágmarksgreiðslan, þ.e. kr. 50 milljónir.

Árið 1998 markaði upphaf ágóðahlutagreiðslna til aðildarsveitarfélaga EBÍ. Fulltrúaráð félagsins hefur hvatt aðildarsveitarfélögin til að nýta þetta framlag til að stuðla að bættum bruna- og forvörnum í sveitarfélögunum enda hefur það ávallt verið megingilgangur þessa framlags. Því er það afar ánægjulegt að vita til þess að á núvirði hafa verið greiddir út úr félaginu **9,0 milljarðar** á þessu tímabili.

Hlutdeild sveitarfélagsins í Sameignarsjóði EBÍ er 1,684 % og greiðsla ársins þann 3. nóvember verður þá hlutfall af kr. 50 milljónum eða kr. **842.000.-**

Aðstæður á fjármálamörkuðum hafa ekki alltaf verið hagfelldar en þrátt fyrir það mun félagið áfram hafa það að leiðarljósi að vera traustur bakhjarl í forvarnarstarfi í brunamálum og að ávöxtun félagsins renni til aðildarsveitarfélaganna, íbúum þeirra til hagsbóta.

Með bestu kveðju,

Anna Sigurðardóttir
Framkvæmdastjóri EBÍ.